



Efni: Ásvellir dks.br. Umsögn vegna athugasemda.

Á fundi bæjarstjórnar þann 19. ágúst 2020 var samþykkt að auglýsa umhverfisskýrslu vegna deiliskipulagsbreytinga við Ásvelli 1. Var skýrslan aðgengileg hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 30. ágúst 2020 og þeim sem töldu sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við skýrsluna til og með 14.10. 2020 .

Einnig var skýrslan send til umsagnar þar til bærna stofnanna.

Á auglýstum tíma bárust athugasemdir frá íbúum sem og þeim stofnunum sem skýrslan hafði verið send.

Athusemdir bárust frá Fuglavernd þar sem áhyggjur þeirra beinast sérstaklega að því athvarfi sem Ásttjörn er fyrir flórgoðan. Að fyrirhugaðar framkvæmdir geti haft mikil neikvæð áhrif á vatnafar innan friðlandsins og lífríki þess.

Frá íbúum við Spóaasi, sem lýsa yfir áhyggjum sínum þar sem ósnert náttúra og einstakt fuglalíf er nú í húfi. Í því erindi kemur fram að ekki hafi farið fram raunveruleg skoðun á þeirri röskun sem hugasanlega geti orðið samhliða slíkum framkvæmdum svo nærri friðlandinu. Einnig er bent á þá sjónmengun sem fylgir stóru knatthúsi eins og því sem fyrirhugað er. Skýrslan sé ekki nægjanleg og því erfitt að gera athugasemdir þegar ekkert efnislegt mat liggur fyrir. Bent er á hættuna að fara stuttu leiðina mögulega á kostnað náttúru og lífríkis sem er þarna við.

Skorað er á Hafnarfjarðarbæ að leita til óháðra sérfræðinga til að ganga úr skugga um hvaða áhrif þessar framkvæmdir geti haft enda sé hér mikið í húfi og óafturkræft tjón geti átt sér stað. Undirrituð áskilja sér fullan rétt til að leita til þar til bæra aðila og e.t.v. dómstóla ef umhverfisskýrslan verður ekki endurskoðuð.

Íbúar úr Áslandi sendu einnig mótmæli sem rýma mjög við ofangreint erindi en jafnframt kemur fram í því bréfi mótmæli er varða nýja íbúðabyggð innan lóðar íþróttasvæðisins.

Ljóst er að þær athugasemdir sem fram koma frá íbúum við Spóaás og Áslandi eru málefnalegar. Stíga þarf varlega til jarðar á þessum stað og hvað allar framkvæmdir varða. Í sama streng tekur Heilbriðgðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogs sem telur að umhverfisskýrslan svari ekki þeim áleitnu spurningum sem vakna um áhrif háreists knattspyrnuhúss á vatnsbúskap Ástjarnar og lífríki hennar. Ástjörn var friðlýst árið 1978 og er tilkomin vegna fulgalífs við tjörnina.



HAFNARFJÖRÐUR

Einnig kemur eftirfarandi fram í umsögn Heilbriðgðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs:

Áhrif á vatnafar.

Ástjörn er hraunstífluð tjörn í krika norðvestanhallt við Ásfjall. Vatnasviðið er lítið en tjörnin á sína tilvist undir tveimur hraunum er runnu annars vegar fyrir um 3000 árum en hið síðara rann skömmu fyrir landnám. Saman mynda þessi hraun „stemmi“ er heldur uppi lágmarks vatnshæð í Ástjörn. Þegar aðrennsli til Ástjarnar er mikið hækkar í tjörninni þar til vatn finnur farveg til suð-suðvesturs þar sem það á greiða leið í jörð. Þeir jarðfræðingar sem skoðað hafa svæðið hafa komist að þeirri niðurstöðu að grunnvatnshæð vestan og suðvestan Ástjarnar er öllu lægra en í kringum Ástjörn innan friðlandsins.

Þegar reisa á jafn mikið stórhýsi og hér er boðað ofan á tveimur þunnum hraunlögum hlýtur að skapast ákveðin hættu á að sá eiginleiki þeirra að vera *stemmir* sé í hættu. Ef breyting verður á þeim eiginleika, þ.e. lekt myndi aukast gæti orðið breyting á lágmarkshæð Ástjarnar sem er mjög grunn fyrir. Lækki vatnsstaðan er allt lífríki hennar í hættu. Það er óhjákvæmileg forsenda þess að samþykkja áformaða breytingu á deiliskipulagi að fyrir liggja hvernig tryggja megi að lekt *stemmisins*, undirlag væntanlegrar byggingar, aukist ekki, þ.e. að flæði grunnvatns úr Ástjörn aukist ekki í kjölfar framkvæmdar.

Er það mat heilbriðgðisnefndar að skýrsla sú sem lögð hefur verið fram svari ekki þeim áleitnu spurningum sem vakna um áhrif þessara framkvæmda á umhverfið. Slíkar framkvæmdir skuli fara í umhverfismat sbr. lög um umhverfismat nr. 106/2000.

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands NSVE senda með erindi sínu alvarlegar athugasemdir við þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru. Landvernd tekur í sama streng og sömuleiðis Náttúrufræðistofnun Íslands sem jafnframt áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á ef þörf er á, á síðari stigum. Athugasemdir framangreindra stofnanna og samtaka eru í takt við þær sem tíundaðar hafa verið hér að framan. Sömuleiðis athugasemdir Umhverfisstofnunar sem einnig bendir á að koma ætti fram í tillögunni þær reglur sem gilda um friðlandið en þar segir: „*Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Umhverfisstofnunar*“. Einnig bendir UST á að áhrif framkvæmda á vatnafar séu afar óljós og mikilvægi þess að gerð verði skoðun þar sem vantsstaða og ástand tjarnarinnar séu metin. Jafnframt fellur hraunið sem breytingartillögurnar ná til undir a. lið 2.mgr. 61.gr. laga nr.60/2013 um náttúruvernd. Jafnframt koma fram sömu athugasemdir og aðrar stofnanir hafa lagt fram.

Aðrar athugasemdir sem bárust á auglýstu tímabili snerust að knattvöllum sem hafa reyndar verið festir í deiliskipulagi í áratug og voru ekki til umfjöllunar. Mörgum af þeim aðilum sem þær athugasemdir gerðu hefur þegar verið svarað með tölvupóstum og einnig með símtali þar sem farið var yfir gildandi deiliskipulag og þær breytingar sem auglýstar hafa verið. Þeir íbúar fögnuðu að færa ætti knatthúsið fjær íbúðabyggð en vildu þó að knattvellirnir syðst á lóð íþróttasvæðis Hauka yrðu endurskoðaðir.



HAFNARFJÖRÐUR

Árið 2010 þegar gildandi deiliskipulag var auglýst og samþykkt var ekki farið fram á þau gögn sem nú er krafist þrátt fyrir að sömu lög hafi verið í gildi þá og nú.

Hins vegar er ljóst að mjög sterk málefnaleg rök liggja nú fyrir því að nýjar rannsóknir verði framkvæmdar á svæðinu er taka til þeirra veigamiklu þátta sem í húfi eru og varða bæði náttúru og lífríki svæðisins.

Fyrir liggur greinagerð Orkustofunnar frá sept. 2002 um „Ástjörn við Hafnarfjörð. Um breytingar á grunnvatnsstöðu undir nýrri byggð“ Sú greinagerð lá til grundvallar við vinnslu þess deiliskipulags frá 2010 sem nú er verið að breyta og þeirrar umhverfisskýrslu sem hefur verið í auglýsingu. Lagt er til að greinagerð auglýsts deiliskipulags verði uppfærð m.t.t. greinagerðar Orkustofnunar og þeirra athugasemda sem fram hafa komið, allt eftir því sem við á. Með því má ganga fyllilega úr skugga um að framkvæmdir á svæðinu skaði ekki það náttúrufar sem er í nágrenni íþróttasvæðisins.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar
Gunnþóra Guðmundsdóttir, verkefnastjór, skipulagssvið